

Fimmtudaginn 25. júní 1998.

Nr. 151/1997.

Þorbjörg Magnea Óskarsdóttir

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

gegn

Sigbirni Ingimundarsyni og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Jakob R. Möller hrl.)

Bifreiðar. Örorka. Skaðabætur. Læknaráð. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1997. Hún krefst þess aðallega, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 3.142.865 krónur, með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, það er með 1% ársvöxtum frá 2. apríl 1993 til 11. ágúst sama ár, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember sama ár, 0,5% frá þeim degi til 7. september 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.154.505 krónur, með sömu vöxtum og í aðalkröfu. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I.

Eins og lýst er í héraðsdómi, slasaðist áfrýjandi í umferðarslysi 2. apríl 1993, er bifreið í eigu stefnda Sigbjörns var ekið aftan á bifreið hennar. Hlaut hún við það hnykk á háls og herðar. Sigurjón Sigurðsson læknir mat örorku áfrýjanda 27. júlí 1994 og komst að þeirri niðurstöðu, að tímabundin örorka hennar væri 100% í tíu mánuði frá slysdegi og varanleg örorka 15%.

Samkvæmt beiðni málsaðila mátu lækarnir Atli Þór Ólason og

Jónas Hallgrímsson örorku áfrýjanda 22. október 1994. Töldu þeir tímabundna örorku hennar vera 100% í tvo mánuði og síðan 50% í fimm mánuði. Jónas Hallgrímsson mat varanlega læknisfræðilega örorku hennar 10%, en Atli Þór Ólason taldi hana vera 5%. Í matsgerðinni kom fram, að áfrýjandi hafði lent í umferðarslysi í júlí 1991, er ekið var yfir fætur hennar, og í ágúst 1992, er hún var í bifreið, sem valt, og hlaut hún við það hálstögnun. Eru matsgerðir þessar ýtarlega raktar í héraðsdómi. Stefndu leituðu umsagnar lækna ráðs um matsgerðirnar. Var það samdóma álit lækna ráðs, sem endanlega var afgreitt 18. júní 1996, að varanleg örorka áfrýjanda eftir bílslysið 2. apríl 1993 væri rétt metin 5%. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, komst að sömu niðurstöðu.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms lét áfrýjandi dómkveðja tvo matsmenn, lækna Leif N. Dungall og Stefán Carlsson, til að meta, hver væri heildarörorka áfrýjanda af völdum umferðarslysanna 2. apríl 1993, júlí 1991 og ágúst 1992 og hvort fallast mætti á forsendur og niðurstöður hins fyrra örorkumats um varanlega örorku áfrýjanda vegna slyssins 2. apríl 1993. Ef svo væri ekki, var beðið um mat á því, hver væri örorka áfrýjanda vegna þess slyss og hver hún væri af völdum hinna tveggja slysanna hvors um sig. Er matsgerðin dagsett 29. október 1997. Í henni kemur fram, að áfrýjandi hafði aftur lent í umferðaróhappi í september 1993, er hún ók bifreið sinni á talsverðri ferð á trébúkka á umferðareyju og hlaut við það vægan hnykk á háls og bak. Þar kemur einnig fram, að áfrýjandi lenti enn í umferðarslysi í júlí 1997, er hún ók aftan á aðra bifreið og fékk högg á andlit og vankaðist. Matsmennirnir treystu sér ekki til að tengja líðan áfrýjanda að neinu leyti við afleiðingar slysanna í júlí 1991 og ágúst 1992. Þeir töldu ástand hennar að ýmsu leyti mun lakara en lýst var í matsgerð Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar. Einkenni frá mjóbaki væru mun meiri vegna mikillar vöðvabólgu og vöðvaspennu, sem þeir töldu að hluta til stafa af öðrum þáttum en slysinu í apríl 1993. Af lýsingu áfrýjanda virtist mega ráða, að óþægindin frá baki hefðu eitthvað aukist við slysið í júlí 1997. Matsmenn töldu þannig, að líkamlegt ástand áfrýjanda hefði að öllum líkindum versnað frá því, sem lýst var í fyrrnefndri matsgerð. Að mestu leyti væri þessi versnun vegna utanaðkomandi þátta, fjárhagserfiðleika og spennu og stafaði þannig ekki beinlínis af slysinu 2. apríl

1993. Þeir töldu þó, að ekki yrði annað ráðið af gögnum en verkjasaga áfrýjanda hlyti að verða rakin til slyssins 2. apríl 1993 og að það slys væri að öllum líkindum upphaf óþægindanna. Í ljósi þess töldu matsmenn varanlega læknisfræðilega örorku hæfilega metna 10%.

Eins og að framan er lýst, kemur fram mikil óvissa í matsgerðinni um það, að hve miklu leyti óþægindi áfrýjanda verði rakin til slyssins 2. apríl 1993. Í matsgerðinni er ekki heldur tekið af skarið um það, að 5% varanleg örorka sé rangt mat. Sönnunargildi matsgerðarinnar um þennan þátt er því takmarkað. Með vísan til mats Atla Þórs Ólasonar lækni, læknaráðs og hinna sérfróðu meðdómenda ber að fallast á það mat héraðsdóms, að varanleg læknisfræðileg örorka áfrýjanda sé hæfilega metin 5%. Er aðalkröfu áfrýjanda, sem miðast við 10% varanlega örorku, því hafnað.

II.

Hinn 7. mars 1995 greiddi stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. áfrýjanda bæt看, sem miðaðar voru við 5% varanlega örorku. Tekið var við greiðslu með fyrirvara um alla þætti uppgjörins. Námu bæturnar samtals 549.650 krónum. Varakrafa áfrýjanda byggist á því, að ekki hafi enn verið greiddar fullnaðarbætur vegna 5% varanlegrar örorku.

Upphaflegur útreikningur Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings á tjóni áfrýjanda frá 17. ágúst 1994 tók mið af því, að tekjur hennar væru 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna og 6% afvöxtun framtíðartekna. Var miðað við þann útreikning við uppgjör stefnda Vátryggingafélags Íslands hf. við áfrýjanda. Tryggingafræðingurinn endurreiknaði tjón áfrýjanda 22. júní 1995 og miðaði við 4,5% afvöxtun framtíðartekna. Með dómi Hæstaréttar 20. febrúar 1997, H. 1997, 683, var ákveðið, að hafa bæri óskertar meðaltekjur iðnaðarmanna til hliðsjónar, þegar framtíðartjón væri metið hjá stúlkum og engar skýrar vísbendingar lægju fyrir um tjónþola sjálfan. Að gengnum þessum dómi endurreiknaði Jón Erlingur Þorláksson tjón áfrýjanda 31. október 1997 og aftur 7. maí 1998. Fram að útreikningsdegi notaði hann sömu tekjur og gert hafði verið við útreikninginn 17. ágúst 1994. Miðar áfrýjandi varakröfu sína við síðastgreinda útreikninginn og sundurliðar kröfugerð sína þannig:

1. Tímabundin örorka	kr.	247.300
2. Varanleg örorka	–	2.166.700
3. 20% frádráttur v/skatthagræðis	–	– 433.340
4. Miskabætur	–	125.000
5. Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	130.000
	Samtals	kr. 2.235.660
Fráðregnar bótagreiðslur		kr. – 1.081.155
	Samtals	kr. 1.154.505

Með vísan til framangreinds dóms Hæstaréttar ber að miða bætur til áfrýjanda við óskertar tekjur iðnaðarmanna, og verður líkindareikningur Jóns Erlings Þorlákssonar frá 7. maí 1998 hafður til hliðsjónar við ákvörðun fébóta til handa áfrýjanda.

Samkvæmt örorkumati Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar er tímabundin örorka áfrýjanda talin vera 100% í tvo mánuði og 50% í fimm mánuði. Krefst hún 247.300 króna í bætur vegna þess. Áfrýjandi var nýorðin atvinnulaus, er hún varð fyrir slysinu 2. apríl 1993. Engar viðhlítandi upplýsingar liggja fyrir í málinu um, hve lengi hún var frá vinnu vegna slyssins eða hvort hún varð af tekjum vegna þess. Verður þessi krafa því ekki tekin til greina.

Með hliðsjón af framangreindum líkindareikningi og að teknu til-liti til skattfrelsis örorkubóta og hagræðis af greiðslu þeirra í einu lagi þykir tjón áfrýjanda vegna varanlegrar örorku hæfilega metið 1.625.000 krónur. Þá verða áfrýjanda dæmdar 130.000 krónur vegna tapaðra lífeyrisréttinda. Bætur vegna miska þykja hæfilega ákveðnar 100.000 krónur. Samkvæmt þessu ber stefndu að greiða áfrýjanda 1.855.000 krónur, en frá þeirri fjárhæð dragast greiðslur frá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf., 621.951 króna, og Tryggingastofnun ríkisins, 459.204 krónur. Verður stefndu gert að greiða áfrýjanda óskipt mismuninn á þeim fjárhæðum, 773.845 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir, en þar er einnig kveðið á um gjafsóknarkostnað.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigbjörn Ingimundarson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði óskipt áfrýjanda, Þorbjörgu Magneu Óskarsdóttur, 773.845 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. apríl 1993 til uppsögudags dóms þessa, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði áfrýjanda óskipt 300.000 krónur í málskostnað í héraði. Stefndu greiði óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til lögmanns hennar fyrir flutning málsins þar, 200.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. janúar 1997.

Ár 1997, þriðjudag 7. janúar, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu E-4860/1995: Þorbjörg Magnea Óskarsdóttir gegn Sigbirni Ingimundarsyni og Vátryggingafélagi Íslands hf. kveðinn upp dómur þessi.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. desember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Þorbjörgu Magneu Óskarsdóttur, kt. 080175-4509, Grænási 2 b, Njarðvík, gegn Sigbirni Ingimundarsyni, kt. 250755-3849, Borgarvegi 22, Njarðvík, og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík, með stefnu, áritaðri 7. september 1995, sbr. b-lið 3. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndu verði óskipt dæmdir til þess að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 3.179.355 krónur með 1% ársvöxtum frá 2. apríl 1993 til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember 1993, 0,5% frá þeim degi til 7. september 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst stefnandi, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 1.645.796 krónur, með 1% ársvöxtum frá 2. apríl 1993 til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember 1993, 0,5% frá þeim degi til 7. september 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara krefst stefnandi, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 506.860 krónur, með 1% ársvöxtum frá 2. apríl 1993 til 11. ágúst 1993, 1,25% frá þeim degi til 11. nóvember 1993, 0,5% frá þeim

degi til 7. september 1995 og með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar að mati dómsins, og verði við þá ákvörðun tekið mið af því, að stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlækkaðar og málskostnaður felldur niður.

I.

Upphaf þessa máls verður föstudaginn 2. apríl 1993, er stefnandi ekur bifreiðinni PV-547 norður Hafnarbraut í Keflavík. Verður þá það óhapp, að bifreiðinni Y-16727 í eigu stefnda Sigbjörns Ingimundarsonar er ekið út af svonefndu Aðalstöðvarplani og inn í afturhlið bifreiðar stefnanda. Og er nú rakið mat Sigurjóns Sigurðssonar læknis, dags. 27. júlí 1994, sem hann lagði á örorku stefnanda, og þar ályktað, að stefnandi hafi hlotið vegna umferðaróhappsins:

Samkvæmt tilkynningu um slys og öðrum gögnum, er fyrir liggja í máli þessu, mun hin slasaða hafa lent í því, að ekið var aftan á bifreið hennar, þar sem hún var ökumaður og ók eftir Hafnargötu í Keflavík. Varð atvikið nálægt Aðalstöðinni. Hlaut hún við þetta slink á háls. Leitaði hún strax á slysafofu sjúkrahússins í Keflavík, þar sem hún var skoðuð. Ekki kom þó mikið fram í byrjun, en síðan versnaði henni, og leitaði hún þá aftur til slysafofunnar og fékk meðhöndlun með hálskraga.

Fyrir liggur vottorð Hrafnkels Óskarssonar læknis, dagsett 5. 5. 1993, og fer það hér á eftir orðrétt:

„Porbjörg Magnea leitaði til slysamóttöku SK 2. 4. 1993 kl. 11.05. Skömmu fyrir komu mun hún hafa verið ökumaður bifreiðar, sem lenti í árekstri á Hafnargötu í Keflavík. Kveðst hún hafa komið að frumkvæði bílstjóra hins bílsins, en hún kennir sér lítils meins í fyrstu. Mun hún hafa verið í bílbelti og ekki rotast við áreksturinn. Ekki veit hún, að hún hafi skolið til, og finnur hvergi til nema örlítið í hálsi. Er hún með væg eymsli, þegar hún beygir hálsinn til fulls, en getur þó snúið hálsinum eðlilega án óþæginda. Góðar hreyfingar eru í baki og engin veruleg eymsli. Fer hún því heim án sérstakra aðgerða.

Hún leitar þó skömmu síðar aftur hingað og er þá komin með meiri ein-kenni um hálsnnykk og fékk hálskraga.

20. 4. var hún á heilsugæslu hjá Arnbirni Ólafssyni heilsugæslulækni, og er þá mjög aum í hálsi, tekur í við allar hreyfingar, og var haldið áfram með kraga.

Í skoðun hjá mér í dag kvartar hún um verki í höfði og hálsi niður í bak, er aum aðallega yfir vöðvum og örlítið yfir hrygg. Er ákveðið að senda hana í sjúkraþjálfun hjá Þroskahjálpar á Suðurnesjum, og verður hún fyrir-sjáanlega óvinnufær næstu vikur.

Stúlka þessi varð fyrir hálshnykksáverka 2. 3. 1993. Einkennin voru lítil í byrjun, en fóru síðan versnandi, eins og dæmigert er um tognun á hálsi. Hún mun þó hafa verið að reyna að vinna í nokkra daga á þessu tímabili á veitingastað, sem heitir Strikið, hér í Keflavík, en ekki tekist, þar sem hún fékk verki í háls og höfuð. Er hún nú komin í sjúkraþjálfun og verður fyrir-sjáanlega óvinnufær í einhvern tíma. Erfitt eða ómögulegt er að meta fram-tíðarhorfur nákvæmlega.“

Þá liggur fyrir annað vottorð Hrafnkels Óskarssonar læknis, dagsett 16. 7. 1993, og fer það hér á eftir orðrétt:

„Þorbjörg Magnea kom hér 2. 4. 1993 kl. 11.05, eftir að hún hafði sem ökumaður bifreiðar lent í árekstri á Hafnargötu í Keflavík. Við fyrstu komu hefur hún lítil óþægindi önnur en væg eymsli við fulla beygju í hálsi, en leitaði aftur síðar vegna vaxandi óþæginda frá hálsi og fékk hálskraga.

Hún var skoðuð af Arnbirni Ólafssyni 20. 4. 1993, og tekur þá í við allar hreyfingar. Var hún áfram í kraga, en ekki frekari aðgerðir.

5. 5. 1993 var hún í skoðun hjá mér, og var þá stefnt að sjúkraþjálfun. Var búin út beiðni um slíkt. Var hún þá með verki í baki og hálsi upp í höfuð. Síðan hefur hún ekki leitað til lækna hér eða á heilsugæslu fyrr en í dag. Kveðst hún hafa verið orðin nokkuð góð eða fullgóð og ætlað að byrja að vinna daginn áður, en orðið strax slæm í hálsi og baki aftur. Fær hún mjög ákveðnar ráðleggingar um að fara í sjúkraþjálfun, þar sem það er líklegast til þess að hjálpa henni. Búin til beiðni um slíkt, sem hún fær með sér til Þroskahjálpar á Suðurnesjum.

Hvað varðar vinnu, fær hún mjög ákveðnar ráðleggingar um að reyna áfram við vinnuna.“

Einnig liggur fyrir vottorð Arnbjörns Ólafssonar læknis, dagsett 19. 11. 1993, og fer það hér á eftir orðrétt:

„Þorbjörg lenti í umferðaróhappi 2. 4. 1993, er ekið var aftan á bifreið hennar. Fyrst í stað varð hún ekki vör við nein óþægindi, en um sólarhring síðar fór hún að finna til í hálsi og fékk verki fram í handleggi og niður í bak. Var þá settur á hana hálskragi, sem hún gekk með þó nokkuð lengi eftir það. Hún kvartar enn um verki, þegar ég skoða hana 18. 10. 1993, bæði í baki og báðum megin hryggjar, allt frá hálsi og niður að sacrum. Ég sendi hana þá í rtg-skoðun og lét fylgja hér með umsögn röntgenlæknis.

„Í stuttu máli sást ekkert óeðlilegt við hálsliði, en vottur af hryggskekkju svarandi til brjóstliða. Einnig sást mest hryggskekkja á neðanverðum mjóhrygg og klofinn hryggur (spina bifida occulta) á I. lendarlið, og mun það vera meðfætt. Annað sást ekki óeðlilegt við rtg-skoðun.

Hún kvartar samt alltaf um verki í hrygg, og verður því ekki neitað, að þeir geti verið afleiðingar slyssins, því að hún mun hafa fengið svokallaðan whiplash-áverka á háls og tognad nokkuð í baki við slysið. Þessi klofni hryggjarliður á ekki að valda henni óþægindum.“

Hin slasaða kemur síðan til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 17. 3. 1994, og staðfestir hún þá það, sem frá er greint hér að framan. Kvaðst hún fyrst eftir slysið hafa fundið lítið fyrir verkjum, en þegar daginn eftir fór að bera á vaxandi verkjum, aðallega í hálsi og einnig niður í bak, þ. e. a. s. bæði brjósthrygg og mjóhrygg. Var hún í byrjun meðhöndluð með hálskraga og hafði hann u. þ. b. mánuð, en einnig fékk hún verkjatöflur og bólgueyðandi lyf, sem hún er hætt að taka nú, þar sem þau eru hætt að verka.

Þrátt fyrir hvíld og hálskraga batnaði henni lítið sem ekkert, og var hún því send í sjúkraþjálfun, sem hún sótti fjórum sinnum. Kveður hún það hafa lagað sig svolítið. Einnig fór hún nokkrum sinnum í nudd, og hjálpaði það einnig, en þrátt fyrir þetta hefur hún enn verki, u. þ. b. einu ári eftir slysið, og líðan hennar slík, að hún kveðst vera með stöðuga þreytu eða seyðing í allri hryggsúlunni, þ. e. a. s. alveg frá hálsi, niður eftir brjósthrygg og niður í mjóbak. Hún segist þola mjög illa álag, en þá versni henni. Verstur sé þó höfuðverkurinn, sem hún hafi verið með allan tímann, nær alltaf með höfuðverk, sem aukist við allt álag. Þá kveðst hún eiga erfitt með svefn, eiga erfitt með að finna rétta stellingu til að sofna í, og einnig geti hún ekki legið, hvernig sem er. Liggi hún t. d. á bakinu, fái hún dofa út í handleggi og jafnvel út í bæði læri. Þessi einkenni hafi ekkert breyst upp á síðkastið. Enn fremur kveðst hún ekki geta haldið á neinu þungu, því að þá versni sér svo í baki.

Þegar slysið varð, vann hún í frystihúsi, en treysti sér ekki til þess að fara strax í vinnuna vegna framangreindra einkenna. Hún reyndi þó að fara aftur að vinna sl. haust, en hætti eftir viku, þar sem einkenni höfðu aukist mikið. Reyndi hún þá fyrir sér með vinnu við þjónustustörf í veitingahúsi við Laugaveg í Reykjavík en gafst upp eftir ellefu daga vegna vaxandi verkja, þoldi ekki að halda á hlutum, eins og krafist var við það starf. Tvo sl. mánuði hefur hún dvalist hjá móður sinni í Skotlandi sér til hressingar, og hefur henni örlítið farið batnandi, nema höfuðverkurinn og svefntruflanirnar halda áfram, á erfitt með að sofna. Hún á og mjög erfitt með að

finna stellingu að sofa í, og einnig á hún það til að vakna upp um nætur með dofatilfinningu bæði í öxlum og upphandleggjum, en einnig lærum, eins og frá er greint að framan. Hún er nú á förum aftur til Skotlands, en hún hefur fengið þar vinnu, sem hún mun byrja í fljótlega.

Læknisskoðun.

Við skoðun í dag, 17. 3. 1994, er eftirfarandi að finna:

Háls: Hún er með nær fulla hreyfingu í allar áttir, en sársauki er í enda-stöð í allar áttir. Þegar hún hallar höfði og snýr höfði aftur á bak, fær hún verk neðst í hálsi, og þegar hún beygir höfuð fram á við, vantar u. þ. b. eina fingurbreidd að haka nemi við bringu, og er sársauki yfir neðstu hálsliðum í þeirri stöðu. Þá eru þrýstieymsli alveg frá hnakkagróf niður eftir hálsi beggja vegna hryggjar, út eftir trapezius og út á báðar herðar. Einnig eru þrýstieymsli meðfram hrygg alveg niður eftir öllum thoracal-hrygg og mjó-hrygg, en mest á milli herðablaða og um neðri hluta mjóhryggjar. Neurologia út í handlimi er innan eðlilegra marka.

Mjóbak: Þrýstieymsli eru meðfram lendhrygg, mest um miðbik og neðri hluta. Hreyfing í mjóbaki er dálítið skert, og þegar hún beygir sig fram á við, vantar u. þ. b. 15 cm upp á, að hún nái með fingurgómum í gólf. Þrýstieymsli eru yfir báðum SI-liðum og yfir efri hluta gluteal-vöðva. Neurologia út í ganglimi er innan eðlilegra marka.

Ályktun.

Hér er um að ræða nítján ára gamla stúlku, sem lendir í því, að ekið er aftan á bifreið hennar, sem hún er ökumaður í með bílbelti, á Hafnargötu í Keflavík. Hlaut hún við þetta slink á háls og bak, en fann ekki mikið fyrir verkjum í byrjun. En strax daginn eftir fóru verkir vaxandi, og þurfti hún hálskragameðferð í mánuð. Síðan fór hún nokkrum sinnum í sjúkrapjálfun og hefur sjálf æft sig mikið með sundi og göngutúrum og annarri hreyfingu, en þrátt fyrir það er hún áfram með þráláta verki í hálsi, mjóbaki og milli herðablaða. Hún þolir lítið sem ekkert álag, bæði setur, stöður og göngur auka á verkina, sérstaklega í mjóbaki, og ef hún þarf að einbeita sér að einhverju, t. d. lesa bók, þreytist hún í hálsi og fær höfuðverk. Höfuðverkurinn hrjáir hana töluvert nú. Þá á hún erfitt með svefn, á erfitt með að sofna vegna þess, hve erfitt hún á með að finna stellingu, sem hún getur verið verkjalaus í, og ef hún liggur á bakinu, fær hún jafnvel dofa út í handleggi og ganglimi. Einnig á hún það til að vakna upp um nætur vegna þessa.

Einkenni hennar hafa verið að mestu leyti óbreytt sl. mánuði, og má því líta svo á, þar sem svo langur tími er liðinn, frá því að áverki þessi varð, að hér sé um varanlegan skaða að ræða. Með tilliti til þess, sem að framan greinir, þykir því rétt að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem

hin slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi í tíu mánuði	100%
Varanleg örorka	15%“

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 17. ágúst 1994 og tók mið af framangreindu örorkumati. Þá gaf hann sér eftirfarandi forsendur:

„Hér er um að ræða unga stúlku. Tekjur hennar framvegis áætla ég þannig: Frá og með 22. aldursári miða ég við 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna. Þær teljast nú vera 1.542.900 kr. á ári samkvæmt skýrslum Kjarrannsóknarnefndar og 75% af því 1.157.200 kr. Á 21. aldursári reikna ég með 92% af áðurnefndum tekjum og lækkandi um 8% á ári niður í 76% á 19. aldursári.“

Niðurstaða tryggingafræðingsins var sú, að höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi vegna tímabundinnar örorku væri 735.900 krónur, en vegna varanlegrar örorku 2.723.400 krónur. Þá áætlaði hann verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins 163.400 krónur.

Ekki tókst að ná samkomulagi milli aðila á framangreindum grundvelli, og urðu þeir með sameiginlegri matsbeiðni 26. september 1994 ásáttir um að fá tvo lækna, þá Jónas Hallgrímsson og Atla Þór Ólason, til að láta í té skriflegt og rökstutt álit um eftirfarandi:

1. Hvort tímabært væri að meta örorku Þorbjargar Magneu Óskarsdóttur, kt. 080175-4509, af völdum umferðarslyss, sem hún lenti í 2. apríl 1993, og ef ekki, hvenær ætla mætti, að það yrði tímabært.

2. Ef örorkumat teldist þá tímabært:

a) Hver væri raunveruleg tímabundin og varanleg skerðing af völdum slyssins á getu hennar til að afla sér vinnutekna, þegar lítið væri til menntunar hennar, starfa, kunnáttu og þeirra kosta, sem hún ætti til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt væri að ætlast til, að hún starfaði við, eða m. ö. o., hver væri fjárhagsleg örorka af völdum slyssins.

b) Hver væri tímabundin og varanleg læknisfræðileg örorka hinnar slöðuð metin í hundradshlutum.

3. Hvort önnur slys eða sjúkdómar ættu þátt í örorku hennar, og skyldu lækarnir kanna fyrri sjúkrasögu með það í huga, hvort rekja mætti núverandi einkenni til fyrra ástands, og ef svo væri, yrði metið í hundradshlutum, í hve miklum mæli, og yrði sú örorka aðgreind frá örorku af völdum slyssins.

Í matsgerðinni, dags. 22. október 1994, er þannig gerð grein fyrir lækniskoðun þeirra:

„Göngulag og limaburður var eðlilegur. Hreyfiferill í hálsi var eðlilegur,

en í lok hreyfinga komu fram óþægindi í hálsi og á herðasvæði. Væg eymsli fundust í vöðvum á hálsi svo og í brjóst- og mjóhrygg, en vöðvarnir voru ekki stífir viðkomu. Skoðun á öxlum, olnbogum, úln- og fingurliðum var eðlileg, einnig ganglima. Taugaskoðun var eðlileg.

Niðurstaða sjúkdómsgreiningar er hálstognun.“

Þá segir í matsgerðinni:

„Fyrir umferðarslysið 2. 4. 1993 hafði Þorbjörg lent í umferðarslysi árið 1992 og þá hlotið hálstognun, en haft væg einkenni og lagast með hálskrageðferð.

Við umferðarslysið í apríl 1993 var ekið aftan á bifreið þá, sem Þorbjörg ók, og virðist áreksturinn ekki hafa verið harður. Hún hafði í upphafi mjög lítil óþægindi, en næsta dag fóru þau vaxandi í hálsi og leiddi niður í bak. Fékk hún meðferð með hálskraga, bólgueyðandi lyfjum og síðan nudd og sjúkrahjálfun. Hún hefur síðan kvartað öðru hverju um óþægindi frá hálsi, herðum og niður eftir baki. Ekki hefur komið fram neitt, sem bendir til skemmda á bein- eða taugavef. Hún hefur meðfæddan klofinn mjóhrygg.

Vegna slyssins 2. 4. 1993 virðist Þorbjörg hafa verið tímabundið frá vinnu fram í júní 1993, í um tvo mánuði. Eftir það var hún í ýmsum störfum svo og í námi. Sanngjarnt þykir að meta algjöra óvinnufærni í tvo mánuði og að hálfu leyti í fimm mánuði, meðan hún var í meðferð.

Við mat á varanlegum vefjaskemmdum er tekið mið af því, að einkenni eru mjög breytileg. Stundum er skoðun nánast eðlileg eins og skoðun Ragnars Jónssonar haustið 1993. Við skoðun undirritaðra voru hreyfingar í hálsi og baki eðlilegar, óþægindi komu fram í lokastöðum í hálsi, og vöðvar voru ekki spenntir, en nokkuð aumir viðkomu í hálsi, herðum og niður eftir baki. Virðist því einkum vera um vöðvabólgu að ræða, sem rekja má til hálstognunar, sérstaklega eftir slysið í apríl 1993, en ekki að neinu ráði til slyssins 1992, enda var hún orðin einkennalaus og hafði ekki verið frá vinnu eða verið metin til örorku af völdum þess slyss.

Matsmenn eru ekki sammála um mat á læknisfræðilegri örorku. Jónas Hallgrímsson vill mæta varanlega læknisfræðilega örorku 10% og styður þá skoðun því, að einkenni séu í hálsi, herðum og baki. Atli Þór Ólason metur læknisfræðilega örorku 5% og reisir skoðun sína á því, að hreyfingar í hálsi og baki eru algjörlega eðlilegar og einungis um væga vöðvabólgu að ræða, sem hafi verið breytileg allt frá slysinu og sé líklegust til þess að smáminnka, er tímar líða, enda er nú einungis liðið 1½ ár frá slysi.“

Við mat á fjárhagslegri örorku Þorbjargar eru matsmenn báðir sammála um það, að Þorbjörg hafi getað unnið afgreiðslustörf í verslun og veitinga-

húsum án nokkurra tafa og ekki haft neinn fjárhagslegan skaða af störfum á þeim vettvangi, enn sem komið er, og ekki líklegt, að svo verði framvegis. Hins vegar sé líklegt, að Þorbjörg hafi einhver óþægindi við að vinna einhæfa, erfiða vinnu, t. d. í fiski, og sé þá fjárhagsleg örorka hennar hin sama og læknisfræðileg, þ. e. að mati Jónasar Hallgrímssonar 10% og að mati Atla Þórs Ólasonar 5%. Fjárhagsleg örorka er því að mati Jónasar Hallgrímssonar 0–10% og að mati Atla Þórs Ólasonar 0–5%.

Svör við spurningum.

1. Tímabært er að meta örorku Þorbjargar Magneu Óskarsdóttur nú.

2. a) og b)

Tímabundin læknisfræðileg og fjárhagsleg örorka:

Frá slysdegi í 2 mánuði	100%
Síðan í 5 mánuði	50%

Varanleg læknisfræðileg örorka:

Samkvæmt mati Atla Þórs Ólasonar	5%
Samkvæmt mati Jónasar Hallgrímssonar	10%

Varanleg fjárhagsleg örorka:

Samkvæmt mati Atla Þórs Ólasonar	0– 5%
Samkvæmt mati Jónasar Hallgrímssonar	0–10%

3. Þorbjörg lenti í umferðarslysi 1992 og hlaut þá hálstögnun, en virðist hafa náð sér að fullu og var ekki metin til varanlegrar örorku og hafði ekki að eigin sögn nein óþægindi eftir það og mun ekki hafa leitað til lækna nema einu sinni eftir þetta slys. Líklegast er því, að það hafi ekki valdið neinum varanlegum meinum. Að öðru leyti hefur hún ekki lent í slysum eða haft sjúkdóma, sem hafa haft áhrif á núverandi vandamál.

Stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. greiddi stefnanda bætur 7. mars 1995, samtals að fjárhæð 549.650 krónur, sem félagið taldi hæfilegar með tilliti til ætlaðrar 5% varanlegrar örorku stefnanda og hefðbundinna atriða til lækunar, s. s. skattfrelsis örorkubóta og eingreiðslu bóta. Þar var einnig litið til greiddra dagpeninga og örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins og þess fjár, sem félagið hafði áður reitt af hendi til stefnanda. Stefnandi tók við þessari greiðslu með fyrirvara.

Að ósk stefnanda endurreiknaði Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur örorkutjón stefnanda aftur 22. júní 1995 miðað við örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar læknis (í 10 mánuði 100%, en varanleg örorka 15%) auk nánar tilgreindra forsendna. Þar segir m. a.:

„Á framangreindum forsendum um tekjur og miðað við, að tap vegna

slyssins sé á hverjum tíma sami hundraðshluti tekna og örorka er metin, fæst eftirfarandi áætlun:

	<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Tekju- tap</i>
Á 19. aldursári, frá slysdegi	674.600	674.600
– 20. –	1.001.500	207.000
– 21. –	1.126.400	169.000
Síðan árlega	1.224.400	183.700

Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps reiknast mér á slysdegi:

Vegna tímabundinnar örorku	kr. 738.200
– varanlegar örorku	– 3.643.800
Samtals	<u>kr. 4.382.000</u>

Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda vegna slyssins áætla ég 6% af höfuðstólsverðmæti taps af varanlegri örorku, 218.600 kr.

Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 22/6 notaðir vextir (einfaldir) af almennum sparisjóðsbókum í Landsbanka Íslands (1% frá slysdegi, 1,25% frá 11/8 1993 og 0,5% frá 11/11 1993). Einfaldir sparisjóðsvextir frá slysdegi til útreikningsdags eru 1,47%. Eftir útreikningsdag eru notaðir 4,5% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.“

II.

Stefnandi gerir svofellda grein fyrir kröfum í stefnu:

Aðalkrafa stefnanda miðast við örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar læknis, dags. 27. júlí 1994. Hann metur varanlega örorku stefnanda 15%. Út frá því hefur svo tekjutap stefnanda á slysdegi verið áætlað með hliðsjón af 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna.

Fjárhæð aðalkröfu, 3.179.355 kr., sundurliðast þannig:

Nr. 1. Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi,	
vegnu tímabundinnar örorku	kr. 738.200
vegnu varanlegrar örorku	– 3.643.800
	<u>kr. 4.382.000</u>

Nr. 2.	Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	kr.	218.600
	–15% skv. dómvenju vegna skattfrelsis		
	og eingreiðsluhagræðis	–	690.090
		kr.	3.910.510
Nr. 3.	Miskabætur	–	300.000
	Samtals	kr.	4.210.510

Frá dregst:

1.	Dagpeningar frá Tryggingast. ríkisins	kr.	65.238
2.	Örorkubætur, eingreiðsla frá T. r.	–	393.966
3.	Innborganir VÍS hf. á tímab. tekjutap	–	140.000
4.	Innborgun VÍS hf. á varanlegt tekjutap	–	431.951
5.	Innborgun VÍS hf. á miskabætur	–	50.000

Frádráttur samtals kr. 1.031.155(?)

Varakrafa stefnanda er reist á matsgerð Jónasar Hallgrímssonar læknis, en hann metur varanlega örorku stefnanda 10%. Með hliðsjón af þeirri niðurstöðu er tekjutap stefnanda á slysdegi, sbr. 75% af meðaltekjum iðnaðarmanna, eftirfarandi:

Fjárhæð varakröfu, 1.645.796 kr., sundurliðast þannig:

Nr. 1.	Höfuðstólsverðmæti vinnutekjutaps á slysdegi,		
	vegna tímabundinnar örorku	kr.	221.460
	vegna varanlegrar örorku	–	2.429.200
		–	2.650.660
Nr. 2.	Verðmæti tapaðra lífeyrisréttinda	–	145.752
	–15% skv. dómvenju vegna skattfrelsis		
	og eingreiðsluhagræðis	–	419.461
		kr.	2.376.951
Nr. 3.	Miskabætur	–	300.000
	Samtals	kr.	2.676.951

Frá dregst:

1.	Dagpeningar frá Tryggingast. ríkisins	kr.	65.238
2.	Örorkubætur, eingreiðsla frá T. r.	–	393.966
3.	Innborganir VÍS hf. á tímab. tekjutap	–	140.000

4. Innborgun VÍS hf. á varanlegt tekjutap	kr.	431.951
5. Innborgun VÍS hf. á miskabætur	–	50.000
Frádráttur samtals		kr. 1.031.155(?)

Um 1. og 2. tl. aðal- og varakröfu.

Um forsendur hér vísast til útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingastærðfræðings. Þess skal getið, að í niðurstöðu hans er miðað við 15% varanlega örorku. Er miðað við niðurstöðu við ofangreindan útreikning í aðalkröfu, en $\frac{2}{3}$ hluta hans í varakröfu.

Krafan um tímabundna örorku í aðalkröfu er reist á mati Sigurjóns Sigurðssonar, en hann metur tímabundna örorku stefnanda 100% í tíu mánuði frá slysdegi. Er það í samræmi við staðreyndir, því að stefnandi var óvinnufær og tekjulaus í tíu mánuði eftir slysið. Einnig skal bent á, að tilraunir stefnanda til að hefja störf á þessu tímabili báru engan teljandi árangur. Í varakröfu er hins vegar miðað við 100% tímabundna örorku í þrjá mánuði frá slysdegi. Er sú niðurstaða reist á sameiginlegu mati lækna Atla Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar, en þeir telja tímabundna örorku stefnanda vera 100% í tvo mánuði og 50% í tvo mánuði.

Frádráttur er vegna skattfrelsis og eingreiðsluhagræðis. Er hann byggður á skýrum fordæmum Hæstaréttar Íslands.

Að lokum skal bent á þá alþekktu staðreynd úr skaðabótarétti, að tekjutap hins slasaða þarf ekki að koma fram strax eftir slys. Meiri líkur eru til, að það verði í auknum mæli, eftir að aldur færist yfir og andleg og líkamleg færni minnkar.

Um 3. tl. aðal- og varakröfu.

Um miskabótakröfu er vísað til dómvenju í íslenskum skaðabótarétti, og er hún sett fram með stöð í þágildandi 1. mgr. 264. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Hún er sett fram vegna hinna miklu óþæginda og þeirrar andlegu þjáningar, sem stefnandi hefur mátt þola vegna slyssins. Stefnandi hefur þurft að berjast við m. a. svefnleysi og ítrekuð höfuðverkjaköst, sem hafa haft mikil áhrif á einbeitingu hennar og andlega færni.

Af hálfu stefnanda var gerð svofelld grein fyrir þrautavarakröfu við flutning málsins:

1. Tímabundið tekjutap skv. dskj. nr. 13	kr.	331.155
2. Varanlegt tekjutap miðað við 5% varanl. örorku	–	1.214.000
÷ 15% vegna skattf. og eingreiðsluh.		180.000 kr.

3. Miskabætur	kr.	100.000
4. Töpuð lífeyrisréttindi	–	72.860
	<u>Samtals</u>	<u>kr. 1.538.000(?)</u>

Frádráttur samtals skv. stefnu kr. 1.031.155

Ógreitt samtals 506.860 kr. auk vaxta skv. stefnu og málskostnaðar.

III.

Skaðabótamál þetta var þingfest 7. september 1995. Á dómþingi 19. janúar 1996 lögðu stefndu fram beiðni um umsögn lækna ráðs, og var þess með úrskurði dómsins farið á leit fyrir hönd stefndu, að lækna ráð gæfi umsögn um eftirfarandi:

1. Fellst lækna ráð á örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar lækni skv. matsgerð, dags. 27. júlí 1994, á dskj. 9 um örorku Þorbjargar M. Óskarsdóttur vegna bílslyss hennar 2. apríl 1993?

2. Ef ekki, fellst lækna ráð þá á örorkumat Jónasar Hallgrímssonar lækni skv. matsgerð, dags. 22. október 1994, á dskj. 12 um örorku Þorbjargar vegna bílslyssins?

3. Ef ekki, fellst lækna ráð þá á örorkumat Atla Þórs Ólasonar lækni skv. matsgerð, dags. 22. október 1994, á dskj. 12 um örorku Þorbjargar vegna bílslyssins?

4. Ef ekki, hverja telur lækna ráð vera tímabundna og varanlega örorku Þorbjargar vegna bílslyss hennar 2. apríl 1993?

Í fundargerð réttarmáladeildar lækna ráðs, er kom saman 2. apríl 1996, segir m. a.:

Fyrst var tekið fyrir mál E-4860/95. Í ágripi málsins kemur fram . . . spurningar 1–4, og voru samþykkt eftirfarandi svör við spurningunum:

Ad. #1. Nei.

Ad. #2. Nei.

Ad. #3. Já.

Ad. #4. Sjá svar við spurningu nr. 3.

Rökstuðningur: Lækna ráð fellst á forsendur Atla Þórs Ólasonar, þar sem segir, að hreyfingar í hálsi þolanda og baki séu algerlega eðlilegar og því einungis um vöðvabólgu að ræða, sem ætla má, að hverfi, er tímar líða.

Í fundargerð réttarmáladeildar frá fundi 18. apríl 1996 segir m. a. um mál-ið:

Læknarnir Sigurjón Sigurðsson og Jónas Hallgrímsson höfðu verið boðaðir með bréfi, dags. 3. apríl 1996, þar sem þeim var gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi mál það, sem fyrir lá á fund-

inum. . . . – Hvorugur læknanna sótti fundinn og boðaði Jónas Hallgrímsson forföll vegna dvalar erlendis. – Þau gögn, sem fyrir lágu, höfðu verið rædd á síðasta fundi réttarmáladeildar, og hafði engin breyting orðið á afstöðu manna til niðurstöðunnar, sem þar var fundin. Er það samdóma álit réttarmáladeildar, að varanleg örorka Þorbjargar Óskarsdóttur eftir bilslysið, sem hún lenti í 2. apríl 1993, sé rétt metin 5% (sjá fundargerð réttarmáladeildar frá 2. 4. 1996).

Með bréfi, dags. 3. júlí 1996, var héraðsdómara send niðurstaða lækna-ráðs.

IV.

Aðilum ber saman um, að ekki sé deilt um bótaskyldu, ágreiningurinn standi um bótafjárhæð.

Stefnandi telur, að líta beri til ólögfesta reglna íslensks skaðabótaréttar um mat á skaðabótum fyrir líkamstjón, enda hafi slysið orðið fyrir gildistöku skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 28. gr. laganna. Þessar reglur kveður stefnandi vera skýrar og reistar á áralangri dómvenju í íslenskum skaðabótarétti og uppgjörum tryggingafélaganna, studdum þeirri dómvenju. Dómstólar hafi jafnan byggt á örorkumati sérfróðs læknis, sem metið hafi líklegar afleiðingar tiltekins áverka á framtíðaraflahæfi hins slasaða. Sigurjón Sigurðsson læknir hafi metið varanlega örorku stefnanda 15% og reist niðurstöðu sína á hefðbundnum sjónarmiðum um áhrif hálshnykksáverka á vinnugetu tjónþola ásamt sérkennum þess tjóns, sem hér um ræði. Jónas Hallgrímsson læknir hafi komist að svipaðri niðurstöðu, þótt áherslumunar gæti, en Jónas meti varanlega örorku stefnanda 10%. Þannig sé ljóst, að áverkar þeir, sem stefnandi varð fyrir í umræddu slysi, muni takmarka vinnugetu stefnanda, enda hafi stefnandi ekki aflað sér þeirrar menntunar, sem dugi til að vinna starf, sem ekki þurfi líkamlegt atgervi til. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mat Atla Þórs Ólasonar læknis á varanlegri örorku stefnanda sé fjarri lagi og í engu samræmi við viðurkennd sjónarmið íslensks skaðabótaréttar.

Stefnandi kveðst miða vaxtakröfu sína við 15. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, málskostnaðarkrafan eigi sér stoð í 1. mgr. 129. gr., sbr. 1. og 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, en krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun í lögum nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyld, og sé því nauðsynlegt að taka tillit til virðisauka-skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

Stefndu reisa sýknukröfu á því, að stefnandi hafi með áðurgreindri greiðslu frá stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. fengið fullar bætur, en ósannað sé, að stefnandi hafi orðið fyrir frekara tjóni af völdum slyssins.

Stefndu telja, að hafna beri öllum kröfum stefnanda um bætur fyrir tíma-bundið vinnutekjutap, enda hafi stefnandi fengið það bætt með greiðslum frá vátryggingafélaginu og tryggingastofnuninni. Stefndu mótmæla því, að unnt sé að hafa örorkumat Sigurjóns Sigurðssonar lækni til hliðsjónar við bótaákvörðun, enda sé þar horft fram hjá raunverulegum afleiðingum slyssins, eins og sýnt hafi verið fram á með mati Atla Þórs Ólasonar lækni, sem lækna ráð hafi staðfest. Þá segir í greinargerð stefndu m. a.:

Hafa norrænar rannsóknir líka leitt í ljós, að 20–30% lækni-fræðileg varanleg örorka og þaðan af minni leiðir almennt ekki til nokkurrar skerðingar á vinnutekjum fólks . . . Hefur Hæstiréttur hafnað því að leggja lækni-fræðilegt örorkumat og líkindareikning tryggingastærðfræðinga gagnrýnislaust til grundvallar sem fullnægjandi sönnunargögn um örorkutjón, heldur metur sjálfstætt, hvort meiðsl hvers einstaklings eru líkleg til að skerða tekjuöflunarhæfi hans eða ekki, sbr. H. 1988, 267. . . .

Verði ekki á aðalkröfu fallist, er ljóst, að stefnukröfur ber að lækka stórfellt, og er þeim andmælt sem allt of háum. Ber við ákvörðun örorkutjóns að gæta þess, að örorka bætist ekki, meðan hennar gætir ekki í raun í skertum vinnutekjum. Þá ber að draga frá þann hluta bóta, sem ella gengi til opinberra gjalda. Staðgreiðsluhlutfall er nú 41,94% skv. gildandi skattkerfi, en bæturnar kæmu að óbreyttu til skatts sem jaðartekjur, ef þær væru skattskyldar. Gildir hið sama um lífeyrisréttindi og örorkubætur. Síðan ber að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu bóta skv. dómvenju. Þá ber almennt að virða til lækkunar, að miski er innifalinn í örorkumati lækna . . . og að ekki er um raunverulegt tekjutap að ræða, svo að sannað sé. Til frádráttar eru svo þegar greiddar bætur frá stefnda og Tryggingastofnun ríkisins.

Við ákvörðun miska ber að gæta þess, að um vægan áverka var að ræða og að miska er í raun tvíkräft í málinu, þar sem miski er innifalinn í örorkumati, en miskabótakröfu stefnanda, 300.000 kr., er sérstaklega mótmælt sem allt of hárrí og út í hött miðað við dómvenju. Bera lækna gögn með sér, að óþægindi stefnanda eru ekkert umfram hið venjulega, þegar um samþærilega áverka er að ræða. Eru afbrigðilega háar miskabætur ekki réttlættar. Þá ber að miða við verðlag á slysdegi, enda vaxta kräft frá þeim tíma.

Vaxtakröfum er sérstaklega andmælt, en bótakrafa ber skv. dómvenju sömu vexti og notaðir eru í tjónsútreikningi og ekki dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi . . .

Niðurstæða.

Læknismenntaðir sérfræðingar hafa metið örorku stefnanda. Eru þeir að mestu sammála um, hver séu mein stefnanda, en ber ekki saman um, hvað þessi einkenni um skerta starfsorku stefnanda eigi að teljast í örorkustigum, hvort þau teljist 5%, 10% eða 15%, svo sem greint hefur verið frá.

Upplýst er, að stefnandi lenti í umferðarslysi í júlí 1991, er ekið var yfir vinstra hné og hægri fótlegg hennar. Við læknisskoðun eftir þetta slys var hún með bólgu í hné, fótum og mjöðmum, en ekki greindust beináverkar á röntgenmyndum. Vegna þessa slyss var hún til eftirlits og meðferðar hjá læknum fram í október 1991, en virtist þá hafa jafnað sig að mestu.

Í ágúst 1992 var stefnandi ökumaður bifreiðar, er valt á um 60 km hraða við Galtalæk um verslunarmannahelgi, og hlaut hún þá hálstognun. Stefnandi leitaði þá til heilsugæslunnar vegna vaxandi verkja í hálsi og fékk meðferð með hálskraga, að því er segir í örorkumati Atla Þórs Ólasonar og Jónasar Hallgrímssonar. Stefnandi kvaðst við aðalmeðferð málsins hins vegar ekki minnast þess að hafa orðið fyrir áverkum við slysið. Þá kemur fram í greinargerð Ragnars Jónssonar bæklunarlæknis, dags. 2. nóvember 1993, er liggur frammi í málinu sem dskj. nr. 20, að stefnandi hafi eftir slysið í ágúst 1992 verið til meðferðar á Sjúkrahúsi Keflavíkur.

Ekki nýtur frekari gagna í málinu um ofangreind umferðaróhöpp, sem stefnanda henti fyrir ákeýrsluna 2. apríl 1993.

Samkvæmt greinargerð Ragnars Jónssonar, sem vísað var til, mun stefnandi hafa lent í bílslysi u. þ. b. einum mánuði áður en viðtal hans og skoðun fór fram 29. október 1993 eða í lok septembermánaðar 1993. Stefnandi mun hafa ekið bifreið upp á umferðareyju á Reykjanesbraut og fengið við það „einhvern hnykkáverka á háls og bak, og mun háls og bak þá heldur hafa versnað eftir um skamman tíma“. Svo virðist sem matsmönnum Atla Þór Ólasyni og Jónasi Hallgrímssyni hafi verið ókunnugt um þetta umferðarslys, er matsfundur þeirra og stefnanda fór fram 17. janúar 1994.

Samkvæmt niðurstöðum röntgenrannsóknar í Domus medica, dags. 6. desember 1995 (dskj. 28), er í mjóbaki væg hryggskekkingja (dextro-convex scoliosa) með lítills háttar vendingu (torsio) yfir til hægri. Spina bifida occulta (leyndur klofinn hryggur) er á fyrsta spjaldhryggjarliði (S:I).

Í röntgenlýsingu frá röntgendeild Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs, dags. 18. október 1993 (dskj. 7), segir m. a.:

Col. thoracalis: Mjög væg hægri convex scoliosa, mest um Th:VIII og Th:IX.

Aðrar breytingar greinast ekki.

Col. lumbo-sacralis: Hægri convex scoliosa mest um neðanverðan lumbalhrygg.

L:IV spina bifida occulta S:I með skarð í arcus, áberandi fyrirferðarmiklir liðir.

L:IV-L:V og L:V-S:I vi. megin bendir til anomaliu spondylolysis?

Sacro-iliacaliðir hafa eðlil. útlit.

Scoliosa, anomalia.

Þekkt er, að ofan nefndir annmarkar, þ. e. væg hryggskekkja og spina bifida occulta valda stundum óþægindum í baki, en stundum ekki. Er því ekki óhugsandi, að bakverkir stefnanda kunni að stafa að einhverju leyti af þessum frávikum frá gallalausum hrygg, sem röntgenmyndirnar sýna.

Hinir læknisfróðu dómamar telja, eins og hér hefur verið rakið, að afleiðingar annarra slysa á heilsufar stefnanda en þess, sem stefnandi lenti í 2. apríl 1993 og hér um ræðir, hafi ekki verið nægilega skoðaðar við mat á þeirri örorku, er hér er um að tefla, enda megi ætla, að a. m. k. tvö þessara slysa (slysin í júlí 1991 og í ágúst 1992) hafi verið alvarleg. Þá telja þeir, að hryggskekkja stefnanda og meðfæddur bakgalli eigi hugsanlega þátt í því, að stefnandi þjáist af bakverk.

Sameiginleg niðurstaða dómsins er að öllu metnu sú, að örorka stefnanda vegna umferðarslyssins 2. apríl 1993 sé 5%.

Gegn andmælum stefndu hefur stefnandi ekki sýnt fram á, að tjón stefnanda hafi ekki verið að fullu bætt með þeim greiðslum, er stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hefur innt af hendi til stefnanda vegna meiðsla í umferðarslysinu 2. apríl 1993.

Eftir atvikum er rétt, að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari, Gísli Einarsson, dr. med., og Júlíus Valsón læknir kveða upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Sigbjörn Ingimundarson og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknir af kröfum stefnanda, Þorbjargar Magneu Óskarsdóttur.

Málkostnaður er ekki dæmdur.